



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 24 mars 2026

Málsnúmer: FAS25060027

Félagsleg blöndun í húsfélaginu við Hallgerðargötu 1, 1A, 11 og 11A-B

Á fundi borgarráðs þann 26. febrúar 2026 var óskað eftir upplýsingum um félagsleg blöndun í húsfélaginu við Hallgerðargötu 1, 1A, 11 og 11A-B.

Húsfélagið saman stendur af 81 íbúð. Í Hallgerðargötu 1 eru 28 íbúðir, í Hallgerðargötu 1A er 22 íbúðir, í Hallgerðargötu 11 eru 12 íbúðir og í Hallgerðargötu 11A eru 19 íbúðir. Loks er Hallgerðargata 11B ungubarnaleikskóli í eigu Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt yfirlitinu eru í þessu húsfélagi 10 íbúðir í eigu Félagsbústaða, 14 íbúðir í eigu Brynja leigufélags og ein íbúð í eigu Reykjavíkurborgar. Íbúðin í eigu Reykjavíkurborgar hefur verið leigð út fyrir starfsemi dagforeldra. Af þeim 10 íbúðum sem Félagsbústaðir eiga eru 3 almennar leiguíbúðir hinar 7 eru reknar sem íbúðakjarni fyrir fatlað fólk með 6 íbúðum með búsetu og einni starfsmannaíbúð. Brynja leigufélag er sjálfseignarstofnun sem leitast við að leigja gegn eins hóflegu gjaldi og kostur er og má ekki leigja húsnæðið öðrum en öryrkjum og stofnunum sem veita öryrkjum þjónustu. Því eru alls 10 íbúðir sem teljast félagslegar og 14 íbúðir sem teljast í eigu óhagnaðardrífins leigufélags.

Þar sem alls eru 81 íbúð í húsfélaginu eru 12% íbúða í húsfélaginu félagslegar íbúðir. Til samanburðar þá er hlutfall félagslegra íbúða 2% í Teigahverfinu og 1.4% í Lækjahverfinu og almennar félagslegar íbúðir eru rúmlega 5% af Laugardalnum öllum. Ef litið er til félagslegra íbúða og íbúða í eigu óhagnaðardrífina leigufélaga í húsfélaginu þá er hlutfallið tæplega 30%. Í meginmarkmiðum húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar 2025-2034 stendur að hlutfall hagkvæmra og félagslegra íbúða skal nema um 35% af heildaruppbyggingu. Einnig stendur þar að hlutfall íbúða sem byggðar eru á félagslegum grunni árið 2025 í Laugardalnum sé rúmlega 17%.

Virðingarfyllt,
Sindri Freyr Ásgeirsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara



Reykjavík